um frv. til l. um eignarrétt og afnotarétt fasteigna.

Frá 2. minni hl. allsherjarnefndar.

Lög nr. 63 frá 1919, um eignarrétt og afnotarétt fasteigna, eru löngu úrelt orðin og þörf á mikilvægum breytingum. Sérstaklega er nauðsynlegt að kveða skýrar á um rétt erlendra manna til að eignast fasteignir á Íslandi.

Meginstefna Alþýðubandalagsins í þessu efni hefur oft komið fram og mun flestum kunn. Alþýðubandalagið telur farsælast að hafa það viðhorf að leiðarljósi, að fasteignir og náttúruauðæfi hér á landi skuli Íslendingar einir eiga. Þó er eðlilegt að gera undantekningu í nokkrum tilvikum. Ráðherra ætti t. d. að vera heimilt að veita erlendum mönnum leyfi til að eignast fasteignir á Íslandi við hjúskap og erfðir, einnig mætti leyfa erlendum mönnum búsettum hér að eignast íbúðir til eigin afnota, sjálfsagt er í samræmi við alþjóðavenjur að leyfa erlendum sendiráðum að eiga hér húseignir, og hið sama gildir um fasteignir í eigu alþjóðlegra stofnana, sem Ísland er aðili að, sem ætlaðar eru til afnota fyrir menningar- og heilbrigðisstarfsemi.

Að öðru leyti ber ekki að víkja frá þessari sjálfsögðu meginstefnu, nema sérstök ástæða sé til. Verður Alþingi að íhuga það hverju sinni, hvort ástæða sé til undantekningar. Sé það álit meiri hlutans, að fjárfesting hinna erlendu manna sé óveruleg eða þess eðlis, að hættulaus geti talizt, ber að samþykkja um það lagafrumvarp hverju sinni. Sem dæmi um slíka málsmeðferð mætti nefna lög um kísilgúrverksmiðju við Mývatn, sem samþykkt voru á síðastliðnu ári. Þar var gert ráð fyrir óverulegri hlutafjáreign erlendra manna, enda mælti Alþýðubandalagið ekki sérstaklega gegn þeirri tilhögun.

Í allsherjarnefnd varð enginn ágreiningur um meginefni frumvarpsins: að ríkisborgararéttur verði skilyrði fyrir eignarrétti og afnotarétti fasteigna. Slík tilhögun hefur verið um árabil í Svíþjóð, Noregi og Finnlandi og á enn frekar við hér á landi. Hins vegar urðu nefndarmenn ekki á eitt sáttir um það atriði, að allt að 49% hlutafjár í hlutafélögum geti verið í eigu erlendra ríkisborgara. Ég flutti tillögu um það í nefndinni, að allt hlutafé skyldi vera í eigu íslenzkra ríkisborgara og þyrfti þá sérstaka lagasetningu hverju sinni, ef út af ætti að bregða. Benti ég á, að ekki mætti selja nokkra jörð úr eigu ríkisins, hvorki stórbú né örreytiskot í útkjálkabyggð, án þess að um það væri fjallað við sex umræður á Alþingi. Væri tæpast ástæða til minni

varkárni, þegar hleypa ætti erlendum auðmönnum inn í íslenzk hlutafélög, og væri því sjálfsagt, að Alþingi fjallaði um það hverju sinni.

Fulltrúar Framsóknarflokksins tóku sér stöðu miðja vegu á milli og lögðu til, að ekki minna en 75% hlutafjár yrði að vera í eigu íslenzkra ríkisborgara og 60% stjórnarmanna hið fæsta að vera með ríkisborgararétt. Athyglisvert er, að bæði fulltrúar Framsóknarflokksins og stjórnarflokkanna vilja ganga skemur en gert er í Svíþjóð, Noregi og Finnlandi, en þar er yfirleitt miðað við, að meira en 80% atkvæða á hluthafafundum tilheyri ríkisborgurum viðkomandi lands í hlutafélagi, ef ekki á að sækja um sérstakt leyfi. Er þó miklu meiri ástæða til varkárni á Íslandi en hjá frændum okkar á Norðurlöndum, sem eru 20—40 sinnum fjölmennari og eiga því ólíkt hægara með að hafa í fullu tré við erlenda fjármagnseigendur.

Ekkert samkomulag varð um þetta atriði, en áður en umræðum lauk í nefndinni, gerðu fulltrúar stjórnarflokkanna tillögu um að hækka lágmarkshlutafjáreign íslenzkra ríkisborgara í 60%.

Í frumvarpinu er gert ráð fyrir því, að ráðherra hafi ótakmarkaða heimild til að veita erlendum mönnum leyfi til að eiga og nota íslenzkar fasteignir, ef honum þóknast svo og þrátt fyrir önnur ákvæði frumvarpsins. Með þessu eru takmörk frumvarpsins fyrir eignarrétti útlendinga næstum því að engu gerð. Ráðherrar eru misjafnir, þeir koma og fara, sumir eru varkárir og aðrir eru óstöðulitlir. Fulltrúar stjórnarandstöðuflokkanna gagnrýndu þetta ákvæði harðlega, og flytja framsóknarmennirnir breytingartillögu, sem ég styð, en samkvæmt henni er ráðherra aðeins heimilt að veita undanþágu frá ákvæðum laganna, ef erlendir menn hafa komizt yfir fasteign við hjúskap eða erfðir.

Þessa dagana hafa stjórnarflokkarnir í undirbúningi að leyfa erlendum auðmönnum að reisa stóriðjuver á Íslandi. Ýmsir sérfræðingar ríkisstjórnarinnar fara ekki dult með, að þetta risafyrirtæki eigi að ryðja brautina fyrir erlenda auðmenn í íslenzkum atvinnuvegum. Íslenzkir fjármagnseigendur láta ósjaldan stjórnast af þröngsýnum gróðasjónarmiðum og eiginhagsmunum. En þeir eru ríkisborgarar þessa lands og hafa beinan og óbeinan hag af vexti og viðgangi íslenzkra atvinnuvega. Íslenzkir hagsmunir eru yfirleitt þeirra hagsmunir af fjárhagslegum, siðferðilegum eða tilfinningalegum ástæðum. Alþjóðlegt auðmagn er varhugavert, vegna þess að það spyr aldrei um íslenzka hagsmuni, hag þjóðarinnar. Og íslenzkir atvinnurekendur verða ekki þjóðlegri í hugsun eða athöfn við að blanda blóði við erlent auðmagn í íslenzkum atvinnuvegum.

Réttur útlendinga til þátttöku í íslenzkum hlutafélögum og ótakmörkuð heimild ráðherra til að veita undanþágu samrýmist illa íslenzkum hagsmunum. Í báðum þessum tilfellum verður Alþingi að hafa rétt til eftirlits og úrslitaákvörðunar um það, hvort og að hve miklu leyti erlendu fjármagni skuli hleypt inn í landið.

Alþingi, 26. apríl 1965.

Ragnar Arnalds.